SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS
Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland
www.skylmingar.is

Reykjavík, 23. desember 2025

# Efni: Íþróttamaður og íþróttakona Skylmingasambands Íslands árið 2025

## Skylmingamaður ársins er Andri Nikolaysson Mateev, Skylmingafélagi Reykjavíkur



**Andri Nikolaysson Mateev** er Skylmingamaður ársins í tíunda sinn.

Hann sigraði alla andstæðinga sína á Opna Norðurlandameistaramótinu (Nordic Fencing Festival) með miklum yfirburðum. Mótið var einstaklega fjölmennt en yfir 1.000 keppendur frá 27 þjóðum tóku þátt og er þetta eitt stærsta mót sinnar tegundar frá upphafi.
Andri hafnaði í 3. sæti á Viking Cup Heimsbikarmótinu, eitt það sterkasta sem haldið hefur verið á Íslandi.



Á Heimsbikarmóti í Budapest 2025, náði hann 36. sæti af 300 keppendum, sem er besti árangur íslensks skylmingamanns á Grand Prix móti.

Andri Nikolaysson hefur verið lykilmaður okkar í karlalandsliðinu síðustu 10 árin, sem hafnaði í 12. sæti á Evrópuleikunum 2023 og í 11. sæti á Evrópumeistaramótinu 2024 í Basel.

SKYLMINGAFJÖLSKYLDAN
ICELANDAIR
World Class Iceland
ACCADEMIA D'ARMI MUSUMECI GRECO 1878

## Skylmingakona ársins er Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Skylmingadeild FH



Þetta er í fimmta skiptið sem **Anna Edda Gunnarsdóttir Smith** hlýtur verðlaun fyrir Skylmingakonu ársins.

Hún varð Íslands-og bikarmeistari i kvennaflokki í ár. Anna Edda hafnaði í þriðja sæti á Opna Norðurlandameistaramótinu (Nordic Fencing Festival) í flokki U23 (23 ára og yngri) og í 9 sæti í kvennaflokki.

Hún er án efa ein efnilegasta skylmingakona Íslands og hefur mikla möguleika í að ná langt í framtíðinni.

